

Nr. 106 / 11 Ingunn Sveinsdóttir AK 91**Ásigling í höfn**

Skipaskr.nr. 2795
IMO nr. 0
Smíðaður: Siglufirði 2010 plast
Stærð: brl. 14,77 bt.
Mesta lengd: 12,13 m Skráð lengd: 11,27 m
Breidd: 3,75 m Dýpt: 1,59 m
Vél: Cummins 359 kW 2010
Fjöldi skipverja: 2



Ingunn Sveindóttir@sigloseifur.com

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. ágúst 2011 lá Ingunn Sveinsdóttir AK 91 við bryggju á Siglufirði.

Skipstjóri var að reyna stjórnþæki úti við borðstokk því bilun virtist vera í þeim. Þegar hann var á leið fram í stýrishúsið til að flytja stjórnun þangað þá kúplaðist sjálfkrafa að skrúfu og vélin fór á fulla ferð afturábak og sleit landfestar. Skipstjóri náði ekki til stjórnþækjanna í stýrishúsi og lenti skuturinn á stefni Magnúsar Jóns ÓF 14. Við það slitnuðu landfestar Magnúsar Jóns ÓF svo skutur hans fór upp í grjóttgarð.

Nokkrar skemmdi urðu á báðum bátunum.

Við rannsókn kom fram:

- að stjórnþæki er við stjórnborð borðstokk á þilfarinu sem er opið fyrir veðri og vindum og þarf þækið því að þola mikinn raka;
- að stjórnþæki bátsins er upprunanlegur og því um árs gamall. Skipstjóri sagði að í bát í hans eigu hafi samskonar þæki bilað eftir fimm mánaða notkun vegna raka sem komst að rafrásunum og skammhleypu. Í því tilfalli hafi kúplast frá skrúfu og dregið niður í vélinni;
- að skipstjóri var búinn að verða var við að þetta væri að bila og var að sýna bátasmiðnum bilunina þegar óhappið varð;
- að sögn skipstjóra var stjórnþæki á þilfari fargað án frekari skoðunar og nýr settur í staðinn. Það var því ekki gengið með fullri vissu úr skugga um að raki truflaði rafrásir. Við frágang á nýja þækinu sagði skipstjóri að smurt hafi

verið vel með feiti á allar tengingar inn í boxinu og ekki síður á lokun þess til að varna því að raki kæmist í búnaðinn. Hann sagðist hafa orðið var við að raki vildi komast að búnaðinum ef ekki væri vandað vel til frágangs og lokunar búnaðarins.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins var bilun í stjórnbúnaði vélarinnar.